

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 566/1998 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á grænmeti.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á tilgreindum tímabilum, verð- og magntolli, vegna innflutnings á blaðlauk í 2. gr. reglugerðarinnar:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magntollur
<i>Tollnúmer:</i>			kg	%	kr./kg
0703.9001	Blaðlaukur	20.11.-15.03.99	ótilgr.	30	0

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 19. nóvember 1998.

F. h. r.

Björn Sigurbjörnsson.

Hjördís Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 447, 16. júlí 1998, um greiðslu gjalds til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins fiskveiðiárið 1998/1999.

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem fengu úthlutað leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1998 skv. lögum um stjórn fiskveiða og útgerðum fiskiskipa sem fá úthlutað aflamarki á grundvelli laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu greiða gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 17. nóvember 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.